

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2020/1234****2023/EES/62/15****frá 9. júní 2020****um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 139/2014 að því er varðar skilyrði og verklagsreglur fyrir yfirlýsingu frá fyrirtækjum sem bera ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 ⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 39. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 139/2014 ⁽²⁾ er mælt fyrir um kröfur og stjórnsýslumeðferð er varða flugvelli og veitingu hlaðstjórnunarþjónustu. Sú reglugerð inniheldur hins vegar aðeins takmarkaðan fjölda ákvæða sem fjalla um örugga veitingu þeirrar þjónustu. Því ætti að kveða á um sértækar viðbótarkröfur og fella þær undir kaflann um rekstur flugvalla.
- 2) Í II. viðauka (ADR.AR-hluta) reglugerðar (ESB) nr. 139/2014 er mælt fyrir um kröfur að því er varðar stjórnun og eftirlit lögbærra yfirvalda með fyrirtækjum. Þessum viðauka ætti að breyta til að veita lögbæru yfirvaldi aðildarríkisins, þar sem hlaðstjórnunarþjónustan er veitt, valdheimildir til að taka á móti og skrá yfirlýsingar um getu sem fyrirtæki, sem bera ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu, leggja fram.
- 3) Til þess að tryggja hátt öryggisstig á flugvelli ætti að aðlaga kröfurnar, sem gerðar eru til fyrirtækja sem bera ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu, að þeim kröfum sem gilda um rekstraraðila flugvalla og einkum að kröfunum varðandi öryggisstjórnun, verklagsreglur í flugi og starfsfólk.
- 4) Einnig ætti að kveða á um kröfur varðandi stjórnun öryggistengdra samskiptaleiða milli rekstraraðila flugvallar, fyrirtækja sem bera ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu og veitanda flugumferðarþjónustu að því er varðar starfrækslu á hlaði.
- 5) Til að stuðla að öryggi starfrækslu á hlaði ætti að kveða á um sértækar verklagsreglur í flugi sem gilda um rekstraraðila flugvallar. Rekstraraðila flugvallar ætti að vera heimilt að fela öðrum fyrirtækjum ábyrgð.
- 6) Flugöryggisstofnun Evrópusambandsins útbjó drög að reglum og lagði þau fram með álit nr. 2/2014 ⁽³⁾ í samræmi við b- og c-lið 2. mgr. 75. gr. og 1. mgr. 76. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139,

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 282, 31.8.2020, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 115/2023 frá 28. apríl 2023 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 212, 22.8.2018, bls. 1.

(2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 139/2014 frá 12. febrúar 2014 um kröfur og stjórnsýslumeðferð er varða flugvelli samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtið. ESB L 44, 14.2.2014, bls. 1).

(3) <https://www.easa.europa.eu/document-library/opinions>

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (ESB) nr. 139/2014 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum 1. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað h-liðar 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„h) skilyrði og verklagsreglur að því er varðar yfirlýsingu frá fyrirtækjum sem bera ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu, sem um getur í 2. mgr. 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 (*), og eftirlit með þeim, eins og sett er fram í II. og III. viðauka.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 (Stjtíð. ESB L 212, 22.8.2018, bls. 1).“

b) Í stað 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„3. Rekstraraðilar flugvalla og fyrirtæki, sem bera ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu, skulu uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í III. og IV. viðauka.“

c) Ákvæði 4. mgr. falla brott.

2) Ákvæðum 3. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrirsagnarinnar kemur eftirfarandi:

„Eftirlit“.

b) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Aðildarríkin skulu tilnefna eina stofnun eða fleiri sem lögbært yfirvald eða lögbær yfirvöld í viðkomandi aðildarríki með nauðsynlegar valdheimildir og ábyrgð vegna vottunar á og eftirlits með flugvöllum og rekstraraðilum flugvalla og vegna móttöku yfirlýsinga frá og eftirlits með fyrirtækjum, sem bera ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu, og því starfsfólki sem vinnur þar.“

3) Í 11. gr. fellur 5. mgr. brott.

4) Ákvæðum II. viðauka er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

5) Ákvæðum III. viðauka er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

6) Ákvæðum IV. viðauka er breytt í samræmi við III. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 20. mars 2022.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 9. júní 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

I. VIÐAUKI

Ákvæðum II. viðauka (ADR.AR-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 139/2014 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað ADR.AR.A.001 kemur eftirfarandi:
„ADR.AR.A.001 Gildissvið
Í þessum viðauka eru settar kröfur sem gilda um lögbær yfirvöld, sem bera ábyrgð á:
a) vottun flugvalla og rekstraraðila flugvalla og eftirliti með þeim,
b) móttöku yfirlýsinga um að fyrirtæki, sem bera ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu, hafi getu og úrræði til að leysa af hendi skyldustörf sín, og eftirliti með þessum fyrirtækjum.“
- 2) Í stað b-liðar í ADR.AR.A.005 kemur eftirfarandi:
„b) móttöku yfirlýsinga um að fyrirtæki, sem bera ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu, hafi getu og úrræði til að leysa af hendi skyldustörf sín, og eftirliti með þessum fyrirtækjum.“
- 3) Í stað b-liðar í ADR.AR.A.010 kemur eftirfarandi:
„b) Lögbært yfirvald skal gera lagagerðir, staðla, reglur, tæknirit og tengd skjöl aðgengileg rekstraraðilum flugvalla, fyrirtækjum, sem bera ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu, og öðrum hagsmunaaðilum til að greiða fyrir því að þeir geti uppfyllt viðeigandi kröfur.“
- 4) Ákvæðum d-liðar ADR.AR.A.015 er breytt sem hér segir:
 - a) Í stað fyrstu málsgreinar kemur eftirfarandi:
„d) Lögbært yfirvald skal meta tillögur rekstraraðila flugvallar eða fyrirtækis, sem ber ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu, um aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur, í samræmi við ADR.OR.A.015, með því að greina gögnin sem eru lögð fram og, ef það er talið nauðsynlegt, að framkvæma skoðun hjá rekstraraðila flugvallarins, á flugvöllinum eða hjá fyrirtækinu, sem ber ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu.“
 - b) Í stað 4. liðar annarrar málsgreinar kemur eftirfarandi:
„4) tilkynna vottuðum flugvöllum og fyrirtækinu, sem ber ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu undir eftirliti yfirvaldsins, eins og við á.“
- 5) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á ADR.AR.A.030:
 - a) Í stað a-liðar kemur eftirfarandi:
„a) Lögbæra yfirvaldið skal innleiða kerfi til að safna, greina og miðla öryggisupplýsingum með viðeigandi hætti í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 376/2014 (*).

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 376/2014 frá 3. apríl 2014 um tilkynningu atvika í almenningsflugum sem og greiningu á og eftirfylgni með þeim, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 996/2010 og um niðurfellingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/42/EB og reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1321/2007 og (EB) nr. 1330/2007 (Stjtið. ESB L 122, 24.4.2014, bls. 18).“
 - b) Í stað d-liðar kemur eftirfarandi:
„d) Ráðstafanir, sem gripið er til samkvæmt c-lið, skulu tafarlaust tilkynntar þeim rekstraraðilum flugvalla eða fyrirtækjum, sem bera ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu, sem þurfa að fara að þeim samkvæmt reglugerð (ESB) 2018/1139 og framseldum gerðum og framkvæmdargerðum sem samþykktar eru á grundvelli hennar. Lögbært yfirvald skal einnig tilkynna Flugöryggisstofnuninni um þær ráðstafanir sem og öðrum hlutaðeigandi aðildarríkjum ef þessar ráðstafanir krefjast sameiginlegra aðgerða.“
 - c) Eftirfarandi e-liður bætist við:
„e) Ráðstafanir, sem tilkynntar eru fyrirtæki, sem ber ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu, skulu einnig tilkynntar rekstraraðila flugvallarins þar sem þjónustan er veitt.“
- 6) Eftirfarandi e-liður bætist við ADR.AR.A.040:
„e) Tilskipanir um öryggi, sem tilkynntar eru fyrirtækinu, sem ber ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu, skulu einnig tilkynntar rekstraraðila flugvallarins þar sem þjónustan er veitt.“

- 7) Í stað c-liðar ADR.AR.B.005 kemur eftirfarandi:
- „c) Lögbært yfirvald skal setja verklagsreglur til að taka þátt í gagnkvæmum skiptum á nauðsynlegum upplýsingum og aðstoð við önnur hlutaðeigandi lögbær yfirvöld, þ.m.t. upplýsingum um öll frávik sem koma upp, eftirfylgnaðgerðir til úrbóta, sem gripið er til í kjölfar slíkra frávíka, og framfylgdarráðstafanir sem gripið er til í tengslum við eftirlit með fyrirtæki sem ber ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu og er skráð í fleiri en einu aðildarríki.“
- 8) Í stað 11. liðar a-liðar í ADR.AR.B.020 kemur eftirfarandi:
- „11) notkun ákvæða um sveigjanleika í samræmi við 71. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.“
- 9) Í stað 2. liðar a-liðar í ADR.AR.C.005 kemur eftirfarandi:
- „2) að áfram sé farið að kröfum vottunargrunnsins og viðeigandi kröfum sem gilda um flugvelli og rekstraraðila flugvalla eða fyrirtæki, sem bera ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu og“.
- 10) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á ADR.AR.C.010:
- a) Í stað inngangsorðanna í a-lið kemur eftirfarandi:
- „a) Fyrir hvern rekstraraðila flugvallar og hvert fyrirtæki, sem ber ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu, skal lögbæra yfirvaldið:“.
- b) Í stað c-liðar kemur eftirfarandi:
- „c) Eftirlitsáætlunin og -lotan skulu endurspegla öryggisframmistöðu rekstraraðila flugvallarins eða fyrirtækisins, sem ber ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu, eftir því sem við á, sem og áhættu flugvallarins.“
- 11) Í stað fyrirsagnarinnar í ADR.AR.C.040 kemur eftirfarandi:
- „ADR.AR.C.040 Breytingar – rekstraraðili flugvallar“.
- 12) Í stað ADR.AR.C.050 kemur eftirfarandi:
- „ADR.AR.C.050 Yfirlýsing frá fyrirtækjum, sem bera ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu, og tilkynning um breytingu
- a) Þegar lögbæra yfirvaldið tekur á móti yfirlýsingu frá fyrirtæki, sem ber ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu, sem hyggst veita slíka þjónustu á flugvelli, eða tilkynningu um breytingu á upplýsingum, sem er að finna í yfirlýsingunni, skal það staðfesta móttöku yfirlýsingarinnar eða tilkynningarinnar um breytingu og skal sannreyna að yfirlýsingin eða tilkynningin innhaldi allar þær upplýsingar sem krafist er skv. III. viðauka (ADR.OR-hluta).
- b) Ef yfirlýsingin eða tilkynningin um breytingu inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er samkvæmt lið ADR.OR.F.005 í III. viðauka eða inniheldur upplýsingar sem eru ekki í samræmi við gildandi kröfur, skal lögbæra yfirvaldið tilkynna fyrirtækinu, sem ber ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu, og rekstraraðila flugvallarins, þar sem slík þjónusta er veitt, um þessar úppfylltu kröfur og óska eftir frekari upplýsingum. Ef það telst nauðsynlegt skal lögbæra yfirvaldið framkvæma skoðun hjá fyrirtækinu. Ef það er staðfest að kröfur séu ekki uppfylltar skal lögbæra yfirvaldið grípa til þeirra aðgerða sem tilgreindar eru í lið ADR.AR.C.055 í þessum viðauka.
- c) Lögbæra yfirvaldið skal halda skrá yfir yfirlýsingar og tilkynningar um breytingu sem berast frá fyrirtækinu sem ber ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu undir eftirliti yfirvaldsins.“

- 13) Eftirfarandi f-liður bætist við í ADR.AR.C.055:

„f) Lögbæra yfirvaldið skal tilkynna rekstraraðila flugvallarins þar sem slík þjónusta er veitt um öll frávik, sem gefin eru út að því er varðar fyrirtækið sem ber ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu, eða um allar athugasemdir, sem beint er til fyrirtækisins sem ber ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu.“

II. VIÐAUKI

Ákvæðum III. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 139/2014 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað fyrirsagnarinnar í III. viðauka kemur eftirfarandi:
„Kröfur um stjórnskipulag (ADR.OR-hluti)“.
- 2) Í stað fyrirsagnarinnar í B-kafla kemur eftirfarandi:
„B-KAFLI – VOTTUN – FLUGVELLIR OG REKSTRARAÐILAR FLUGVALLA (ADR.OR.B)“.
- 3) Liður ADR.OR.B.037 fellur brott.
- 4) Liður ADR.OR.B.060 fellur brott.
- 5) Eftirfarandi liður ADR.OR.B.070 bætist við:
„ADR.OR.B.070 Veitingu hlaðstjórnunarþjónustu hætt
Rekstraraðili flugvallar skal:
 - a) gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að bóúð sé að meta og draga úr öryggisáhættu sem stafar af því að rekstri er hætt,
 - b) veita viðeigandi veitanda upplýsingaþjónustu flugmála upplýsingar um þær ráðstafanir sem um getur í a-lið.“
- 6) Í stað inngangsorða ADR.OR.C.015 kemur eftirfarandi:
„Í þeim tilgangi að ákvarða hvort farið sé að viðeigandi kröfum reglugerðar (ESB) 2018/1139 og framseldra gerða og framkvæmdargerða, sem samþykktar eru á grundvelli hennar, skal rekstraraðili flugvallar veita öllum einstaklingum, sem hafa heimild lögbæra yfirvaldsins, aðgang.“
- 7) Í stað inngangsorða ADR.OR.C.020 kemur eftirfarandi:
„Eftir móttöku tilkynningar um frávik skal rekstraraðili flugvallarins.“
- 8) Í stað ADR.OR.C.025 kemur eftirfarandi:
„ADR.OR.C.025 Tafarius viðbrögð við öryggisvandamáli – farið að ákvæðum tilskipana um öryggi
Rekstraraðili flugvallarins skal koma öllum öryggisráðstöfunum í framkvæmd, þ.m.t. tilskipunum um öryggi, sem lögbæra yfirvaldið hefur gefið fyrirmæli um í samræmi við c-lið ADR.AR.A.030 og ADR.AR.A.040 í II. viðauka.“
- 9) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á ADR.OR.C.030:
 - a) Í stað a-liðar kemur eftirfarandi:
 - „a) Rekstraraðili flugvallarins skal tilkynna lögbæra yfirvaldinu og öllum öðrum fyrirtækjum, sem ríkið, þar sem flugvöllurinn er staðsettur, krefst að séu látin vita, um öll slys, alvarleg flugatvik og atvik, eins og skilgreint er í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 996/2010 (*) og reglugerð (ESB) nr. 376/2014.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 996/2010 frá 20. október 2010 um rannsóknir og forvarnir gegn slysum og flugatvikum í almenningflugum og um niðurfellingu á tilskipun 94/56/EB (Stjtið. ESB L 295, 12.11.2010, bls. 35).“
 - b) Í stað d- og e-liðar kemur eftirfarandi:
 - „d) Rekstraraðili flugvallarins skal skila tilkynningum eigi síðar en 72 klukkustundum eftir að hann verður áskynja um það atvik sem tilkynningin fjallar um, nema sérstakar aðstæður komi í veg fyrir það.
 - e) Þar sem við á skal rekstraraðili flugvallarins gera skýrslu til eftirfylgni til að veita upplýsingar um þær aðgerðir sem hann ætlar að grípa til í því skyni að koma í veg fyrir svipuð atvik í framtíðinni, um leið og þessar aðgerðir liggja fyrir. Þessi skýrsla skal gerð á því formi og með þeim hætti sem aðildarríkið ákveður.“
- 10) Í stað fyrirsagnarinnar í D-kafla kemur eftirfarandi:
„D-KAFLI – STJÓRNUN – REKSTRARAÐILAR FLUGVALLA (ADR.OR.D)“.
- 11) Eftirfarandi F-kafla bætist við:
„F-KAFLI – HLAÐSTJÓRNUNARÞJÓNUSTA (ADR.OR.F)
ADR.OR.F.001 Ábyrgðarsvið fyrirtækis sem ber ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu
Fyrirtæki, sem ber ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu, skal veita hlaðstjórnunarþjónustuna í samræmi við:
 - a) kröfurnar sem settar eru fram í VII. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1139 og í III. viðauka (ADR.OR-hluta) og IV. viðauka (ADR.OPS-hluta) við þessa reglugerð,

- b) yfirlýsingu fyrirtækisins,
- c) verklagsreglurnar sem er að finna í flugvallarhandbókinni,
- d) handbók fyrirtækisins um stjórnunarkerfi í samræmi við ADR.OR.F.095,
- e) allar aðrar handbækur sem notaðar eru til að veita hlaðstjórnunarþjónustu.

ADR.OR.F.005 Yfirlýsing frá fyrirtækinu sem ber ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu

- a) Þegar fyrirtæki sem ber ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu hyggst veita loftfari a.m.k. þá leiðsögn sem mælt er fyrir um í 1. og 2. lið a-liðar í ADR.OPS.D.001, skal það leggja yfirlýsingu fyrir lögbæra yfirvaldið eigi síðar en tveimur mánuðum fyrir þann dag sem fyrirhugað er að hefja veitingu þjónustunnar. Í yfirlýsingunni skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram:
 - 1) nafn fyrirtækisins sem ber ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu,
 - 2) samskiptaupplýsingar fyrirtækisins sem ber ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu,
 - 3) nafn og samskiptaupplýsingar ábyrgðarmanns,
 - 4) nafn flugvallarins eða flugvallanna í aðildarríkinu þar sem þjónustan verður veitt,
 - 5) skrá yfir flugvelli sem staðsettir eru í öðrum aðildarríkjum þar sem þjónustan er veitt,
 - 6) dagsetning sem fyrirhugað er að hefja veitingu hlaðstjórnunarþjónustu,
 - 7) yfirlýsing þar sem staðfest er að fyrirtækið hafi komið á formlegu fyrirkomulagi við rekstraraðila flugvallarins og veitanda flugumferðarþjónustu á þeim flugvelli þar sem það hyggst veita hlaðstjórnunarþjónustu,
 - 8) yfirlýsing þar sem staðfest er að fyrirtækið, sem ber ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu, hafi mótað öryggisstefnu og muni beita þeirri stefnu í tengslum við veitingu þjónustunnar sem yfirlýsingin tekur til, í samræmi við 2. lið b-liðar ADR.OR.F.045,
 - 9) yfirlýsing þar sem staðfest er að fyrirtækið, sem ber ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu, uppfylli og muni, í tengslum við veitingu þjónustunnar sem yfirlýsingin tekur til, áfram uppfylla viðeigandi kröfur í VII. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1139 og III. viðauka (ADR.OR-hluta) og IV. hluta (ADR.OPS-hluta) við þessa reglugerð.
- b) Þrátt fyrir a-lið skal vottaður rekstraraðili flugvallar eða samþykktur veitandi flugumferðarþjónustu sem hyggst veita hlaðstjórnunarþjónustu:
 - 1) tilkynna það lögbæra yfirvaldi sínu,
 - 2) endurskoða öryggisstefnu sína þannig að hún taki til veitingar hlaðstjórnunarþjónustu,
 - 3) leggja fyrir lögbæra yfirvaldið þjálfunaráætlun starfsfólksins sem fyrirhugað er að komi að veitingu þjónustunnar.

ADR.OR.F.010 Áframhaldandi gildi yfirlýsingarinnar

Yfirlýsing frá fyrirtæki, sem ber ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu í samræmi við ADR.OR.F.005, heldur gildi sínu að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- a) fyrirtækið, sem ber ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu, uppfyllir kröfurnar sem settar eru fram í VII. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1139 og í III. viðauka (ADR.OR-hluta) og IV. viðauka (ADR.OPS-hluta) við þessa reglugerð, að teknu tilliti til ákvæða sem tengjast meðhöndlun frávíka, eins og tilgreint er í ADR.OR.F.035 í þessum viðauka,
- b) lögbæra yfirvaldinu verði veittur aðgangur að fyrirtækinu sem ber ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu, í samræmi við ADR.OR.F.03 í þessum viðauka, til að ákvarða hvort kröfurnar, sem settar eru fram í VII. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1139 og í III. viðauka (ADR.OR-hluta) og IV. viðauka (ADR.OPS-hluta) við þessa reglugerð, séu áfram uppfylltar,
- c) fyrirtækið, sem ber ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu, hefur ekki dregið yfirlýsinguna til baka eða fengið tilkynningu frá lögbæra yfirvaldinu um að það eigi að hætta að veita sumar eða allar þær þjónustur sem falla undir yfirlýsinguna.

ADR.OR.F.015 Upphaf veitingar hlaðstjórnunarþjónustu

Fyrirtæki, sem ber ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu, skal hefja veitingu hlaðstjórnunarþjónustu á flugvelli þegar:

- a) lögbæra yfirvaldið hefur mótttekið yfirlýsinguna,

- b) það hefur komið á fót formlegu samkomulagi við vottaðan rekstraraðila flugvallar og samþykktan veitanda flugumferðarþjónustu á flugvelli þar sem þjónustan verður veitt í samræmi við ADR.OR.F.085 annars vegar og ADR.OR.F.090 hins vegar,
- c) það sýnir fram á að starfsfólk þess hafi lokið þeirri grunnþjálfun og deildarþjálfun sem krafist er.

ADR.OR.F.020 Veitingu hlaðstjórnunarþjónustu hætt

Fyrirtæki, sem ber ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu, sem hyggst hætta að veita þá þjónustu á flugvelli varanlega, skal:

- a) tilkynna rekstraraðila flugvallarins og lögbæra yfirvaldinu þar um, eins fljótt og auðið er, þannig að hægt sé að grípa til viðeigandi ráðstafana svo halda megi áfram að veita þjónustuna með öruggum hætti,
- b) leggja breytta yfirlýsingu fyrir lögbæra yfirvaldið eða óska eftir afskráningu yfirlýsingarinnar frá og með þeim degi sem hætt er að veita þjónustuna.

ADR.OR.F.025 Breytingar

- a) Fyrirtækið, sem ber ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu, skal vera í samstarfi við rekstraraðila flugvallarins um allar breytingar á upplýsingunum sem er að finna í yfirlýsingunni, sem tilgreind er í a-lið ADR.OR.F.005, og allar breytingar á þjálfunaráætluninni eða handbókinni um stjórnunarkerfið, sem um getur í b-lið ADR.OR.F.005 annars vegar og ADR.OR.F.095 hins vegar.
- b) Fyrirtækið, sem ber ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu, skal tilkynna lögbæra yfirvaldinu, án ástæðulausrar tafar, um allar breytingar sem tilgreindar eru í a-lið og, ef nauðsyn krefur, leggja fram breytta yfirlýsingu.
- c) Fyrirtækið, sem ber ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu, skal láta lögbæra yfirvaldinu í té viðeigandi gögn í samræmi við d-lið.
- d) Fyrirtækið sem ber ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu og sem leggur til breytingu á fyrirtæki sínu, stjórnunarkerfi sínu eða þjálfunaráætlun sinni skal, sem hluta af stjórnunarkerfi sínu sem um getur í ADR.OR.F.045:
 - 1) ákvarða víxltengsl við alla hlutaðeigandi aðila og skipuleggja og framkvæma öryggismat í samstarfi við þessi fyrirtæki,
 - 2) samræma forsendur og mildunarráðstafanir við alla hlutaðeigandi aðila með kerfisbundnum hætti,
 - 3) tryggja heildstætt mat á breytingunni, þ.m.t. nauðsynlegt samspil,
 - 4) sjá til þess að fullgerð og gild rök, sönnunargögn og öryggisviðmiðanir verði fastsett og skjalfest í því skyni að styðja við öryggismatið og að breytingin stuðli að því að bæta öryggi þegar því verður við komið.

ADR.OR.F.030 Aðgangur

Í þeim tilgangi að ákvarða hvort fyrirtæki, sem ber ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu, starfi í samræmi við yfirlýsingu sína, skal fyrirtækið, sem ber ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu, tryggja að öllum einstaklingum, sem til þess hafa fullt umboð lögbæra yfirvaldsins, verði hvenær sem er:

- a) veittur aðgangur að allri aðstöðu, skjölum, skrám, gögnum, verklagsreglum eða öðru efni sem viðkemur starfsemi þess,
- b) heimilt að framkvæma eða vera vitni að aðgerðum, skoðunum, prófunum, mati eða æfingum, sem lögbæra yfirvaldið telur nauðsynlegt.

ADR.OR.F.035 Frávik og aðgerðir til úrbóta

- a) Eftir að lögbæra yfirvaldið hefur gert fyrirtækinu, sem ber ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu, kunnugt um frávik í samræmi við ADR.AR.C.055 í II. viðauka, skal fyrirtækið, sem ber ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu, grípa til eftirfarandi ráðstafana innan þeirra tímamarka sem lögbæra yfirvaldið ákvarðar:
 - 1) greina frumorsök vanefnda gagnvart kröfum,
 - 2) semja áætlun um aðgerðir til úrbóta,
 - 3) sýna lögbæra yfirvaldinu fram á framkvæmd aðgerða til úrbóta, eins og það telur fullnægjandi, innan þeirra tímamarka sem samið var um við þetta yfirvald í samræmi við d-lið ADR.AR.C.055 í II. viðauka.
- b) Fyrirtækið, sem ber ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu, skal upplýsa rekstraraðila flugvallarins um þær aðgerðir sem útlistaðar eru í a-lið og skal, eftir því sem við á, samræma slíkar aðgerðir við rekstraraðila flugvallarins.

ADR.OR.F.040 Tafarlaus viðbrögð við öryggisvandamáli – farið að ákvæðum tilskipana um öryggi

Fyrirtæki, sem ber ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu, skal:

- a) koma öllum öryggisráðstöfunum í framkvæmd, þ.m.t. tilskipunum um öryggi, sem lögbæra yfirvaldið hefur gefið fyrir máli um í samræmi við c-lið ADR.AR.A.030 og ADR.AR.A.040 í II. viðauka,
- b) vera í samstarfi við rekstraraðila flugvallarins og veitanda flugumferðarþjónustu, ef nauðsyn krefur, í tengslum við framkvæmd þeirra ráðstafana sem um getur í a-lið.

ADR.OR.F.045 Stjórnunarkerfi

- a) Fyrirtækið, sem ber ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu, rekstraraðili flugvallarins eða veitandi flugumferðarþjónustu skal, ef sá síðastnefndi annast veitingu hlaðstjórnunarþjónustu að hluta til eða að öllu leyti, innleiða og viðhalda stjórnunarkerfi sem inniheldur öryggisstjórnunarkerfi sem tekur einnig til þessarar starfsemi.
- b) Stjórnunarkerfið skal innihalda eftirfarandi:
 - 1) skýrt skilgreint ábyrgðarsvið og ábyrgðarskyldur hjá fyrirtækinu, þ.m.t. að yfirstjórnin beri beina ábyrgð á öryggi,
 - 2) lýsingu á grundvallarviðhorfi og meginreglum fyrirtækisins, sem ber ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu, með tilliti til öryggis, sem nefnist „öryggisstefnan“, sem skal undirrituð af ábyrgðarmanni,
 - 3) formlegt ferli sem tryggir auðkenningu á hættum í starfsemi,
 - 4) formlegt ferli sem tryggir greiningu, mat og mildun þeirrar öryggisáhættu sem tengist veitingu hlaðstjórnunarþjónustu,
 - 5) aðferðir til að sannreyna öryggisframmistöðu fyrirtækisins, sem ber ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu, með tilliti til frammistöðuvísa (SPI) og -markmiða (SPT) öryggisstjórnunarkerfisins, og til að meta skilvirkni öryggisáhættustýringar (e. *safety risk controls*),
 - 6) formlegt ferli til að:
 - i. auðkenna breytingar innan fyrirtækisins, á stjórnunarkerfi þess eða á veitingu hlaðstjórnunarþjónustu, sem geta haft áhrif á þá ferla, þær verklagsreglur og þá þjónustu sem komið hefur verið á,
 - ii. lýsa ráðstöfunum sem gerðar eru til að tryggja öryggisframmistöðu áður en breytingar eru framkvæmdar,
 - iii. afnema eða breyta stýringu öryggisáhættu sem ekki er þörf á lengur eða er ekki lengur skilvirk vegna breytinga á rekstrarumhverfinu,
 - 7) formlegt ferli til að endurskoða stjórnunarkerfið, sem um getur í a-lið, auðkenna orsök/orsakir þess að frammistaða öryggisstjórnunarkerfisins er ófullnægjandi, ákvarða hvaða afleiðingar slík frammistaða hefur á rekstur flugvallarins og uppræta eða draga úr slíkri eða slíkum orsökum,
 - 8) þjálfunaráætlun um öryggismál sem tryggir að starfsfólk, sem kemur að veitingu hlaðstjórnunarþjónustu, hafi þá þjálfun og hæfni sem þarf til að sinna störfum sem tengjast öryggisstjórnunarkerfinu,
 - 9) formlegar samskiptaaðferðir um öryggismál sem tryggja að starfsfólk sé að fullu kunnugt um öryggisstjórnunarkerfið og gerir kleift að koma á framfæri upplýsingum sem eru mikilvægar með tilliti til öryggis og útskýra hvers vegna gripið er til tiltekinna öryggisáðgerða og hvers vegna öryggisreglur eru innleiddar eða þeim breytt,
 - 10) formlegt ferli til að vakta að fyrirtækið uppfylli viðeigandi kröfur.
- c) Fyrirtækið, sem ber ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu, skal skrá í handbók öll lykilferli stjórnunarkerfisins.

ADR.OR.F.050 Tilkynning um bilun í kerfum, sem notuð eru fyrir veitingu hlaðstjórnunarþjónustu

Fyrirtækið, sem ber ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu, skal senda lögbæru yfirvaldi ríkisins þar sem flugvöllurinn er staðsettur, rekstraraðila flugvallarins og fyrirtækinu, sem ber ábyrgð á hönnun flugvallarbúnaðar sem notaður er fyrir veitingu hlaðstjórnunarþjónustu, tilkynningar um allar bilanir, tæknigalla, frávik út fyrir tæknileg mörk, atvik eða aðrar óvenjulegar aðstæður, sem hafa haft eða kunna að hafa áhrif á öryggi, en hafa ekki haft í för með sér slyss eða alvarlegt flugatvik, sbr. þó reglugerð (ESB) nr. 376/2014.

ADR.OR.F.055 Öryggistilkynningakerfi

- a) Fyrirtækið sem ber ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu skal koma á og innleiða öryggistilkynningakerfi fyrir starfsfólk sitt.
- b) Sem hluti af ferlinu, sem um getur í 3. lið b-liðar ADR.OR.F.045, skal fyrirtækið, sem ber ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu, tryggja:
 - 1) að starfsfólk þess noti öryggistilkynningakerfið fyrir skyldubundnar tilkynningar um slys, alvarleg flugatvik og atvik,
 - 2) að hægt sé að nota öryggistilkynningakerfið fyrir valfrjálsar tilkynningar um alla galla, bilanir og öryggishættur sem geta haft áhrif á öryggi.
- c) Öryggistilkynningakerfið skal halda nafni tilkynnanda leyndu, hvetja til valfrjálsra tilkynninga og bjóða upp á þann möguleika að tilkynningar séu lagðar fram nafnlaust.
- d) Fyrirtækið, sem ber ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu, skal:
 - 1) skrá allar tilkynningar sem eru lagðar fram,
 - 2) senda tilkynningarnar til rekstraraðila flugvallarins og veitanda flugumferðarþjónustunnar, ef við á,
 - 3) greina og meta tilkynningarnar í samstarfi við rekstraraðila flugvallarins eða veitanda flugumferðarþjónustunnar, eða þá báða, til að ráða bót á annmörkum í öryggismálum og greina leitni þeirra,
 - 4) taka þátt í rannsókn rekstraraðila flugvallarins á tilkynningunum, eins og við á,
 - 5) forðast að ákveða hver beri sök í samræmi við meginreglurnar um „sanngirnismeningu“.

ADR.OR.F.060 Öryggisáætlanir

Fyrirtækið, sem ber ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu, skal taka þátt í starfsemi þeirra öryggiskerfa sem rekstraraðili flugvallar starfrækir.

ADR.OR.F.065 Kröfur varðandi starfsfólk

- a) Fyrirtækið, sem ber ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu, skal:
 - 1) skípa ábyrgðarmann sem hefur umboð til að sjá til þess að unnt sé að fjármagna alla starfsemi og að hún geti farið fram í samræmi við viðeigandi kröfur; ábyrgðarmaðurinn skal bera ábyrgð á að koma á og viðhalda skilvirku stjórnunarkerfi,
 - 2) tilnefna einstakling sem ber ábyrgð á stjórnun og eftirliti með rekstrarþjónustu sem tengist hlaðstjórn,
 - 3) tilnefna einstakling sem ber ábyrgð á mótun, viðhaldi og daglegri stjórnun öryggisstjórnunarkerfisins; þessi einstaklingur skal vera óháður öðrum stjórnendum innan fyrirtækisins, hafa beinan aðgang að ábyrgðarmanninum og að öðrum einstaklingum, sem bera ábyrgð á öryggismálum, og skal bera ábyrgð gagnvart ábyrgðarmanninum,
 - 4) hafa nægilega margt og hæft starfsfólk til að áformuð verkefni og starfsemi geti farið fram í samræmi við viðeigandi kröfur,
 - 5) tilnefna nægilega marga verkstjóra fyrir skilgreind skyldu- og ábyrgðarstörf, með hliðsjón af skipulagi fyrirtækisins og fjölda starfsfólks,
 - 6) tryggja að starfsfólk, sem tekur þátt í að veita hlaðstjórnunarþjónustu, hafi hlotið nægilega þjálfun í samræmi við þjálfunaráætlunina.
- b) Ef hlaðstjórnunarþjónusta er að hluta til eða að öllu leyti í höndum rekstraraðila flugvallar eða veitanda flugumferðarþjónustu skulu þeir tryggja að kröfurnar í a-lið séu hluti af þeirri skiptingu ábyrgðar sem komið er á innan ramma stjórnunarkerfa þeirra.

ADR.OR.F.075 Notkun áfengis, geðvirkra efna og lyfja

Fyrirtækið, sem ber ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu, skal innleiða verklagsreglurnar, sem rekstraraðili flugvallarins hefur komið á í samræmi við ADR.OR.C.045, að því er varðar neyslu áfengis, geðvirkra efna og lyfja fyrir starfsfólk þess sem tekur þátt í veitingu hlaðstjórnunarþjónustu.

ADR.OR.F.080 Skráahald

- a) Fyrirtækið, sem ber ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu, skal koma á viðunandi kerfi fyrir skráahald, sem nær yfir alla starfsemi þess, sem framkvæmd er í samræmi við reglugerð (ESB) 2018/1139 og framseldar gerðir og framkvæmdargerðir sem samþykktar eru á grundvelli hennar.
- b) Tilgreina skal snið skráanna í handbókinni um stjórnunarkerfið.

- c) Varðveita skal skrár á þann hátt að vernd gegn skemmdum, breytingum og þjófnaði sé tryggð.
- d) Geyma skal allar skrár í fimm ár hið minnsta með eftirfarandi undantekningum:
 - 1) fyrirliggjandi yfirlýsing skal geymd á meðan yfirlýsingin er í gildi,
 - 2) skriflegt samkomulag við aðra aðila skal geymt meðan slíkt samkomuleg er í gildi,
 - 3) skýrslur um öryggismat skulu geymdar meðan kerfið, verklagið eða starfsemin er fyrir hendi,
 - 4) gögn um þjálfun, réttindi og hæfnipróf starfsfólks skulu geymd í a.m.k. fjögur ár eftir starfslok þeirra eða þar til lögbæra yfirvaldið hefur gert úttekt á starfssviði þeirra.
- e) Fyrirtækið, sem ber ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu, skal koma á og viðhalda skrá yfir hættur.

ADR.OR.F.085 Formlegt samkomulag milli fyrirtækisins, sem ber ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu, og rekstraraðila flugvallarins

- a) Fyrirtækið, sem ber ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu, skal koma á formlegu samkomulagi við rekstraraðilann á þeim flugvelli þar sem það hyggst veita hlaðstjórnunarþjónustu.
- b) Áður en veiting þjónustunnar hefst skal þetta samkomulag liggja fyrir.
- c) Formlega samkomulagið skal innihalda a.m.k. eftirfarandi:
 - 1) gildistíma samkomulagsins,
 - 2) skilgreiningu á svæðinu þar sem hlaðstjórnunarþjónusta verður veitt,
 - 3) skrá yfir þjónustu sem fyrirtækið, sem ber ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu, mun veita,
 - 4) aðferðir sem rekstraraðili flugvallarins og fyrirtækið, sem ber ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu, nota til að skiptast á upplýsingum um starfrækslu.

ADR.OR.F.090 Formlegt samkomulag milli fyrirtækisins, sem ber ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu, og veitanda flugumferðarþjónustu

- a) Fyrirtækið, sem ber ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu, skal koma á formlegu samkomulagi við veitanda flugumferðarþjónustu á þeim flugvelli þar sem það hyggst veita hlaðstjórnunarþjónustu.
- b) Áður en veiting þjónustunnar hefst skal þetta samkomulag liggja fyrir.
- c) Formlega samkomulagið skal innihalda a.m.k. eftirfarandi:
 - 1) gildistíma samkomulagsins,
 - 2) umfang þeirrar þjónustu sem veita skal, þ.m.t. samræmingu heimilda fyrir gangsetningu, akstri og ýtingu loftfara,
 - 3) yfirfærslupunkta milli hlaðstjórnunarþjónustu og veitanda flugumferðarþjónustu,
 - 4) aðferðir sem veitandi flugumferðarþjónustu og fyrirtækið, sem ber ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu, nota til að skiptast á upplýsingum um starfrækslu,
 - 5) samræmingu heimilda fyrir gangsetningu, akstri og ýtingu loftfara.

ADR.OR.F.095 Handbók um stjórnunarkerfið

- a) Fyrirtækið, sem ber ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu, skal:
 - 1) taka saman og viðhalda handbók um stjórnunarkerfið,
 - 2) tryggja að starfsfólk þeirra hafi greiðan aðgang að handbókinni og sé gert viðvart um allar breytingar,
 - 3) að höfðu samráði og í samstarfi við rekstraraðila flugvallarins, láta lögbæra yfirvaldinu í té fyrirhugaðar breytingar og leiðréttingar á handbókinni fyrir gildistöku dag þeirra,
 - 4) rýna innihald handbókarinnar, sjá til þess að hún sé uppfærð og henni breytti hvenær sem nauðsyn krefur,
 - 5) bæta inn í handbókina öllum breytingum og leiðréttingum sem lögbæra yfirvaldið gerir kröfu um,
 - 6) gera öðrum hlutaðeigandi fyrirtækjum grein fyrir þeim breytingum sem lúta að skyldustörfum þeirra,
 - 7) tryggja að allar upplýsingar sem fengnar eru úr öðrum samþykktum skjölum, og allar breytingar á þeim, komi rétt fram í handbókinni,

- 8) tryggja að handbókin sé skrifuð á tungumáli sem lögbæra yfirvaldið samþykkir,
 - 9) tryggja að allt starfsfólk geti lesið og skilið tungumálið, sem þeir hlutar handbókarinnar og annarra gagna, sem lúta að skyldu- og ábyrgðarstörfum þeirra, eru skrifaðir á,
 - 10) tryggja að handbókin sé undirrituð af ábyrgðarmanni fyrirtækisins,
 - 11) tryggja að handbókin sé á prentuðu eða rafrænu formi og að auðvelt sé að endurskoða hana,
 - 12) tryggja að í handbókinni sé kerfi fyrir útgáfueftirlit, sem er notað og gert sýnilegt í handbókinni,
 - 13) tryggja að í handbókinni sé tekið tillit til meginreglna mannþáttafræði og að hún sé skipulögð með hætti sem auðveldar undirbúning hennar, notkun og rýni,
 - 14) geyma a.m.k. eitt fullklárað og gildandi afrit af handbókinni á þeim flugvelli þar sem fyrirtækið veitir þjónustu og gera hana aðgengilega fyrir lögbæra yfirvaldið til skoðunar.
- b) Handbókin skal skipulögð sem hér segir:
- 1) almennur hluti,
 - 2) stjórnunarkerfi fyrirtækisins og kröfur um starfsréttindi.
- c) Ef hlaðstjórnunarþjónusta er að hluta til eða að öllu leyti í höndum rekstraraðila flugvallarins eða veitanda flugumferðarþjónustu skulu þeir tryggja að viðeigandi kröfur í b-lið séu annaðhvort í flugvallarhandbókinni eða í rekstrarhandbók flugumferðarþjónustunnar, eftir því sem við á.

ADR.OR.F.100 Kröfur varðandi gögn

Fyrirtækið, sem ber ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu, skal:

- a) gera þá hluta flugvallarhandbókarinnar er lúta að veitingu hlaðstjórnunarþjónustu aðgengilega því starfsfólki sem kemur að rekstrinum,
- b) veita aðgang að öllum öðrum gögnum, sem og tilheyrandi breytingum, sem lögbæra yfirvaldið gerir kröfu um,
- c) miðla rekstrarfyrirmælum og öðrum upplýsingum án tafar.“

III. VIÐAUKI

Eftirfarandi D-kafla bætist við í IV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 139/2014:

„D-KAFLI – STARFRÆKSLA HLAÐSTJÓRNAR

ADR.OPS.D.001 Öryggistengd störf í tengslum við hlaðstjórn

a) Rekstraraðili flugvallar skal sjá til þess að aðferðir og verklagsreglur séu settar og teknar í notkun á hlaði til að:

- 1) stýra hreyfingum til að koma í veg fyrir árekstur milli loftfara og milli loftfara og hindrana,
- 2) stýra komu loftfara inn á hlað og samræma brottför loftfara frá hlaði í samráði við flugturn,
- 3) tryggja örugga og skjóta hreyfingu ökutækja,
- 4) og tryggja að viðeigandi reglur séu settar um:
 - i. úthlutun loftfarastæða,
 - ii. veitingu þjónustu vegna stæðisvísunar,
 - iii. verklag við að leggja loftfari og brottför þess frá loftfarastæðinu,
 - iv. áfyllingu eldsneytis á loftför,
 - v. varúðarráðstafanir vegna útblásturs þotuhreyfils (e. *jet blast*) og hreyfilprófanir,
 - vi. heimildir fyrir ræsingu hreyfla og akstursfyrirmæli.

b) Til að koma a-lið í framkvæmd getur rekstraraðili flugvallar falið öðrum fyrirtækjum ábyrgð. Ef rekstraraðili flugvallar felur öðrum slíka ábyrgð skal hann tilgreina það í handbók flugvallarins.

ADR.OPS.D.005 Mörk hlaðsvæðis (e. *apron boundaries*)

a) Rekstraraðili flugvallar skal skilgreina og veita veitanda upplýsingaþjónustu flugmála upplýsingar um mörk hlaðsvæðis í samvinnu við veitanda flugumferðarþjónustu til birtingar í flugmálahandbókinni (AIP).

b) Við skilgreiningu á mörkum hlaðsvæðis skal að lágmarki taka tillit til eftirfarandi atriða:

- 1) flugvallarskipulags,
- 2) legu flugbrauta og akbrauta og aðferð við starfrækslu,
- 3) umferðarpunga,
- 4) veðurskilyrða,
- 5) verklagsreglna.

ADR.OPS.D.010 Samræming um komu loftfara inn á hlað og brottför þeirra frá hlaði

a) Rekstraraðili flugvallar skal tryggja að komur loftfara inn á hlað og brottfarir þeirra frá hlaði fari fram í samráði við veitanda flugumferðarþjónustu þegar umsjón með hreyfingum loftfara á hlaði er ekki í höndum veitanda flugumferðarþjónustu. Slík samræming skal ná yfir:

- 1) tilgreinda yfirfærslupunkta milli hlaðstjórnunarþjónustu og flugumferðarþjónustu fyrir loftför í aðflugi og brottflugi,
- 2) tilgreindan búnað fyrir fjarskipti milli loftfara og jarðstöðva sem nota skal á hlaði,
- 3) biðsvæði fyrir loftför í aðflugi þegar loftfarastæði eru ekki tiltæk.

b) Rekstraraðili flugvallar skal leggja fram eftirfarandi upplýsingar fyrir veitendur upplýsingaþjónustu flugmála til birtingar í flugmálahandbókinni:

- 1) tilgreinda yfirfærslupunkta, sem um getur í 1. lið a-liðar,
- 2) tilgreindan búnað fyrir fjarskipti milli loftfara og jarðstöðva, sem um getur í 2. lið a-liðar.

ADR.OPS.D.015 Stjórnun hreyfinga loftfara á hlaði

Rekstraraðili flugvallar skal tryggja:

a) að loftför fái fyrirmæli um hvaða akstursleið eigi að fylgja á hlaði,

- b) að viðeigandi sjónræn leiðsaga sé til staðar til að tryggja að flugliðar geti greint viðkomandi akstursleið,
- c) að fyrirhuguð akstursleið sé laus við hindranir sem loftfar í akstri gæti rekist á.

ADR.OPS.D.025 Úthlutun loftfarastæða

- a) Rekstraraðili flugvallar skal setja og tryggja innleiðingu verklagsreglna til að tryggja að úthlutað loftfarastæði:
 - 1) hæfi fyrir þá tegund loftfars sem fyrirhugað er að noti það,
 - 2) hafi verið tilkynnt fyrirtækinu sem ber ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu, ef því hefur verið komið á fót, eða viðeigandi veitanda flugumferðarþjónustu,
 - 3) hafi verið tilkynnt þeim aðilum sem bera ábyrgð á að stýra loftfarinu.
- b) Rekstraraðili flugvallar skal tryggja að tekið sé tillit til a.m.k. eftirfarandi þátta þegar úthluta á loftfari loftfarastæði:
 - 1) eiginleika loftfarsins,
 - 2) sjónrænnar stæðisleiðsögu (e. *parking aids*),
 - 3) búnaðar til að þjónusta loftfar á stæði,
 - 4) innviða í nánasta umhverfi,
 - 5) annarra loftfara í næstliggjandi loftfarastæðum,
 - 6) hæði milli loftfarastæða (e. *aircraft stand dependencies*).

ADR.OPS.D.030 Stæðisvísun (e. *marshalling of aircraft*)

Rekstraraðili flugvallar skal tryggja að loftförum sé veitt stæðisvísun með því að nota akstursbendingar í samræmi við 1. viðbæti viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 923/2012 (*).

ADR.OPS.D.035 Loftförum lagt í stæði

Rekstraraðili flugvallar skal setja og tryggja innleiðingu verklagsreglna til að tryggja:

- a) að svæði, sem ætlað er til að leggja loftförum á hlaði, sé vaktað til að tryggja að öryggisfjarlægð (e. *clearance distances*) sé viðhaldið meðan loftfarinu er lagt í stæði,
- b) að leiðsögn sé veitt þannig að hægt sé að leggja loftfarinu á öruggan hátt,
- c) að sjálfvirk stæðisleiðsögukerfi, ef þau eru sett upp, starfi á tilhlýðilegan hátt,
- d) að aðilum, sem bera ábyrgð á akstri loftfara, sé gefið merki um að stoppa loftfarið ef öryggisfjarlægð er ekki viðhaldið,
- e) að aðilum, öðrum en þeim sem þurfa að aðstoða við að leggja loftfarinu, sé óheimilt að nálgast loftfarið þegar kveikt er á blikljósum og hreyflar eru í gangi,
- f) að loftfarastæðið sé laust við alla aðskotahluti sem geta haft áhrif á öryggi.

ADR.OPS.D.040 Brottför loftfars frá loftfarastæði

Rekstraraðili flugvallar skal setja og tryggja innleiðingu verklagsreglna til að tryggja eftirfarandi á þeim tíma sem loftfar yfirgefur loftfarastæðið:

- a) að búíð sé að fjarlægja frá loftfarastæðinu búnað fyrir þjónustu á jörðu niðri, þó ekki dráttartæki (e. *push-back trucks*) ef þeirra er krafist til að hreyfa loftfarið, og ökutæki eða að þeim hafi verið lagt á tilgreindum svæðum,
- b) að búíð sé að draga inn landgöngubrýr ef einhverjar slíkar eru við loftfarastæðið,
- c) að tilgreind útakstursleið frá loftfarastæðinu sé laus við aðskotahluti,
- d) að hreyfingar ökutækja á stæðinu og umferð á aðliggjandi vegum sé stöðvuð, að undanskildum dráttartækjum ef þeirra er krafist til að hreyfa loftfarið,
- e) að aðilum, öðrum en þeim sem eru nauðsynlegir til aðstoðar við brottför loftfars frá loftfarastæði, sé bannað að nálgast loftfarið þegar kveikt er á blikljósum og hreyflar eru í gangi.

ADR.OPS.D.045 Miðlun upplýsinga til fyrirtækja sem starfa á hlaði

- a) Rekstraraðili flugvallar skal miðla upplýsingum um takmarkanir á starfrækslu á hlaði tímanlega til viðeigandi fyrirtækja sem starfa á hlaði.

b) Veita skal eftirfarandi upplýsingar, eftir því sem við á:

- 1) tegund takmörkunar,
- 2) tímalengd takmörkunarinnar, ef það er vitað,
- 3) mildunarráðstafanir sem ber að beita,
- 4) áhrif takmörkunarinnar á starfrækslu,
- 5) aðgengi að loftfarastæðum,
- 6) höft á loftfarastæðum,
- 7) aðgengi að föstum búnaði við loftfarastæðin,
- 8) sérstakar verklagsreglur í tengslum við loftfarastæði,
- 9) tímabundnar breytingar á akstursleiðum,
- 10) yfirstandandi vinna,
- 11) allar aðrar upplýsingar sem eru mikilvægar fyrir notendur hlaðsins með tilliti til starfa þeirra.

ADR.OPS.D.050 Neyðarþjónusta gert viðvart

a) Rekstraraðili flugvallar skal:

- 1) ákvarða og innleiða tilhögun, í neyðaráætlun flugvallarins, til að gera neyðarþjónustu viðvart um slys og atvik á hlaði,
- 2) útvega viðeigandi úrræði og búnað til að gera viðeigandi neyðarþjónustu viðvart.

b) Sú tilhögun sem rekstraraðili flugvallar kemur á skal innihalda eftirfarandi hið minnsta:

- 1) samskiptaupplýsingar og þau úrræði sem nota skal til að gera neyðarþjónustu viðvart,
- 2) þær upplýsingar sem þarf að gefa neyðarþjónustunni til að meðhöndla atvikið á skilvirkan hátt, svo sem:
 - i. staðsetningu slyssins eða atviksins,
 - ii. eðli slyssins eða atviksins,
 - iii. skemmdir,
 - iv. líkamstjón,
 - v. hættulegan varning.

ADR.OPS.D.055 Varúðarráðstafanir gegn útblæstri þotuhreyfils (e. *jet blast*)

- a) Rekstraraðili flugvallar skal gera notendum hlaðs viðvart um þær hættur sem stafa af útblæstri þotuhreyfils og skrúfuröst (e. *slipstream*).
- b) Rekstraraðili flugvallar skal krefjast þess að notendur hlaðsins gangi tryggilega frá ökutækjum og búnaði og tilnefni svæði undir loftfarastæði þar sem áhrifin af útblæstri þotuhreyfils eða skrúfurastar eru eins lítil og mögulegt er.
- c) Þegar rekstraraðili flugvallar hannar eða breytir skipulagi hlaðs skal hann taka tillit til áhrifa af völdum útblásturs þotuhreyfils eða skrúfurastar.
- d) Rekstraraðili flugvallar skal auðkenna þá staði sem eru viðkvæmir fyrir útblæstri þotuhreyfils og skal annaðhvort birta beiðni til flugmanna um að þeir beiti sem minnstu hreyfilafli eða gerir viðeigandi mildunarráðstafanir til að lágmarka áhrif af völdum útblásturs þotuhreyfils.

ADR.OPS.D.060 Eldsneytisáfylling loftfara

a) Rekstraraðili flugvallar skal ákvarða tilhögun fyrir eldsneytisáfyllingu loftfara.

b) Í þessari tilhögun skal kveðið á um eftirfarandi:

- 1) meðferð opins elds og notkun raftækja eða álíka tækja, sem eru líkleg til að valda neistaflugi eða ljósbogum innan áfyllingarsvæðisins, er bönnuð,
- 2) meðan á áfyllingu stendur er bannað að kveikja á aflstöðvum á jörðu niðri,
- 3) útgönguleið frá loftfarinu skal hvergi teppt svo fjarlægja megi eldsneytisvagna og einstaklinga á skjótan hátt í neyðartilvikum,
- 4) rétt tenging skal vera á milli loftfars og eldsneytisgjafa og skal verklagsreglum um jarðtengingu rétt beitt,

- 5) umsjónaraðili eldsneytisáfyllingarinnar skal tafarlaust fá tilkynningu um eldsneytisleka og nákvæm fyrirmæli um hvernig eigi að meðhöndla eldsneytislekann,
- 6) þjónustubúnaður á jörðu niðri skal staðsettur þannig að neyðarútgangar séu lausir við allar hindranir til að heimila skjóta rýmingu farþega ef farþegar eru að koma um borð eða á ferð frá borði eða eru í loftfarinu meðan á áfyllingu stendur,
- 7) slökkvitæki af heppilegri gerð skulu tilbúin til notkunar fyrir a.m.k. fyrstu inngríp ef eldur kviknar í eldsneyti,
- 8) áfyllingu skal hætt ef þrumuveður skellur á við flugvöllinn eða í næsta nágrenni við hann.

ADR.OPS.D.065 Hreyfilprófun

- a) Rekstraraðili flugvallar skal setja og innleiða tilhögun hreyfilprófunar.
- b) Þessi tilhögun felur í sér eftirfarandi:
 - 1) þann aðila sem hefur heimild til að samþykkja hreyfilprófanir,
 - 2) þau svæði þar sem hreyfilprófanir fara fram,
 - 3) þær öryggisráðstafanir sem gera þarf.

ADR.OPS.D.070 Augsýnilegur fatnaður

Rekstraraðili flugvallar skal krefjast þess að allt starfsfólk, sem vinnur utanhúss og er fótgangandi á athafnasvæðinu, klæðist augskýngum fatnaði.

ADR.OPS.D.075 Heimildir fyrir gangsetningu og akstursleiðbeiningar

- a) Rekstraraðili flugvallar skal tryggja að haft sé samráð við veitanda flugumferðarþjónustu í tengslum við heimildir fyrir gangsetningu, heimildir fyrir ýtingu, ef þess gerist þörf, og akstursleiðbeiningar, nema veitandi flugumferðarþjónustu stjórnir sjálfur hreyfingu loftfara á hlaði.
- b) Í þessu tilviki skal rekstraraðili flugvallar, í samstarfi við veitanda flugumferðarþjónustu, ákvarða og innleiða tilhögun sem felur í sér eftirfarandi þætti:
 - 1) skilgreiningu á hverjir hafa leyfi til að gefa út heimildir fyrir gangsetningu,
 - 2) aðferðir til að tilkynna hver öðrum um útgefnar heimildir um gangsetningu,
 - 3) aðferðir til að tilkynna hver öðrum um útgefnar heimildir fyrir ýtingu og akstursleiðbeiningar.

ADR.OPS.D.080 Áætlanir um þjálfun og hæfnipróf fyrir merkjamenn (e. *marshallers*) og ökumenn fylgdarökutækja (e. *„follow me“ drivers*)

- a) Rekstraraðili flugvallar skal koma á og tryggja innleiðingu þjálfunaráætlunar fyrir aðila sem veita:
 - 1) þjónustu vegna stæðisvísunar,
 - 2) fylgdarþjónustu (e. *„follow-me“ guidance*).
- b) Þjálfunaráætlunin skal innleidd í samræmi við ADR.OR.D.017 í III. viðauka.
- c) Þjálfunin ætti að miða að því að miðla grundvallarþekkingu og verklegri færni sem tengist skyldustörfum þeirra.
- d) Rekstraraðili flugvallar skal tryggja innleiðingu áætlunar um hæfnipróf fyrir starfsfólk, sem um getur í a-lið, til að tryggja:
 - 1) áframhaldandi hæfi þeirra,
 - 2) að þeim sé kunnugt um þær reglur og verklagsreglur sem skipta máli varðandi störf þeirra og verkefni. Rekstraraðili flugvallar skal tryggja að þeir einstaklingar sem um getur í a-lið gangist undir hæfnipróf eigi sjaldnar en á tólf mánaða fresti að grunnþjálfun þeirra lokinni.

ADR.OPS.D.085 Áætlun um þjálfun og hæfnipróf fyrir starfsfólk sem veitir loftföllum akstursfyrirmæli með þráðlausum talfjarskiptum

- a) Rekstraraðili flugvallar skal tryggja:
 - 1) að aðilar, sem veita loftföllum á hlaði akstursfyrirmæli með þráðlausum talfjarskiptum, með því að nota úthlutaða fjarskiptatíðni fyrir flug, hafi til þess nægilega þjálfun og hæfni,
 - 2) að þjálfunaráætlunin sé innleidd í samræmi við ADR.OR.D.017 í III. viðauka, með eftirfarandi undanþágum:
 - i. í kjölfar grunnþjálfunarinnar skal koma deildarþjálfun, sem samanstendur af eftirfarandi áföngum:
 - (A) millistigsþjálfun, sem er fyrst og fremst ætlað að miðla þekkingu og skilningi á staðarsértækum verklagsreglum og þáttum tengdum tilteknum verkefnum,

- B) starfsþjálfun á vinnustað, sem er lokaáfangi deildarþjálfunar þar sem starfsvenjur og færni, sem áður hefur verið aflað, eru í raun samþættar leiðsögn starfsþjálfara, sem hefur tilskilin starfsréttindi, við raunaðstæður í flugumferð,
- ii. reglubundin þjálfun skal fara fram eigi sjaldnar en á tólf mánaða fresti og skal innihalda upprifjun á efni grunnþjálfunarinnar,
 - iii. upprifjunarþjálfun skal fara fram ef einstaklingur hefur verið frá vinnu í meira en tólf mánuði og skal innihalda allt efni grunnþjálfunarinnar.
- b) Aðilar þeir sem um getur í 1. lið a-liðar skulu sýna fram á tungumálafærni, sem svarar a.m.k. til starfrækslustigs, bæði hvað varðar orðfæri og venjulegt málfar, í samræmi við c-lið, í þeim tungumálum sem notuð eru við fjarskipti milli loftfara og jarðstöðva á flugvellinum.
- c) Umsækjandinn skal sýna fram á að hann geti:
- 1) átt virk talsamskipti og samskipti augliti til auglitis,
 - 2) haft samskipti um almenn og starfstengd málefni af nákvæmni og skýrleika,
 - 3) notað viðeigandi aðferðir til boðskipta og til að koma auga á og leiðrétta misskilning í almennu eða starfstengdu samhengi,
 - 4) leyst á fullnægjandi hátt þann tungumálavanda sem upp kemur við erfiðar eða óvæntar aðstæður í tengslum við venjubundnar starfsaðstæður eða samskiptaverkefni sem viðkomandi er að öðru leyti kunnugur,
 - 5) notað mállýsku eða hreim sem skilst meðal þeirra sem starfa við flug.
- d) Sýna skal fram á tungumálafærni með því að framvísa vottorði, sem gefið er út af þeirri stofnun sem framkvæmdi matið, sem staðfestir að viðkomandi hafi þekkingu á einu eða fleiri tungumálum svo og hæfnistig og dagsetningu mats.
- e) Að undanskildum þeim aðilum sem hafa sýnt fram á tungumálafærni á sérfræðistigi skal tungumálafærnin endurmetin:
- 1) á fjögurra ára fresti frá dagsetningu matsins, ef sú færni sem sýnt er fram á er á starfrækslustigi,
 - 2) á sex ára fresti frá dagsetningu matsins, ef sú færni sem sýnt er fram á er á framhaldsstigi.
- f) Sýna skal fram á tungumálafærni með því að nota tiltekna matsaðferð og skal hún fela í sér:
- 1) matsferli,
 - 2) starfsréttindi matsmanna sem framkvæma mat á tungumálafærni,
 - 3) áfrýjunarmeðferð.
- g) Rekstraraðili flugvallar skal sjá til þess að starfsfólk hafi aðgang að tungumálþjálfun til að viðhalda því tungumálafærnistigi sem krafist er fyrir það.
- h) Rekstraraðili flugvallar skal tryggja að innleidd sé áætlun um hæfnipróf fyrir starfsfólk sem um getur í 1. lið a-liðar til að tryggja:
- 1) áframhaldandi hæfi þeirra,
 - 2) að þeim sé kunnugt um þær reglur og verklagsreglur sem skipta máli varðandi störf þeirra og verkefni. Rekstraraðili flugvallar skal tryggja að þeir einstaklingar sem um getur í a-lið gangist undir hæfnipróf eigi sjaldnar en á tólf mánaða fresti að grunnþjálfun þeirra lokinni.

(*) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 923/2012 frá 26. september 2012 um sameiginlegar flugreglur og rekstrarákvæði varðandi þjónustu og verklagsreglur fyrir flugleiðsögu og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1035/2011 og reglugerðum (EB) nr. 1265/2007, (EB) nr. 1794/2006, (EB) nr. 730/2006, (EB) nr. 1033/2006 og (ESB) nr. 255/2010 (Stjtið. ESB L 281, 13.10.2012, bls. 1).“